

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. desember 2012  
Tilvísun 111  
MKÁ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 468. mál**

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 7. desember sl. þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. („**Kauphöllin**“) um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.). Kauphöllin vill koma á framfæri athugasemdum við afmarkaða þætti frumvarpsins en sjónarmið varðandi þau atriði verða rakin hér að neðan.

Hvað varðar 15. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til hækkun á fjársýsluskatti vill Kauphöllin koma því á framfæri að álagning fjársýsluskatts kemur sérstaklega illa niður á litlum fyrirtækjum með fáa starfsmenn en hlutfallslega háan launakostnað. Einnig er ástæða til að benda á að skattheimta sem þessi er til þess fallin að hægja á uppbyggingu fyrirtækja og dregur úr vexti. Það er því hætt við að ef heildaráhrifin af slíkri skattheimtu til lengri tíma væru skoðuð yrði komist að þeirri niðurstöðu að hún leiddi til minnkandi tekna fyrir ríkissjóð. Kauphöllin telur að skoða ætti vandlega hvort aðrar og síður íþyngjandi leiðir séu færar til að ná sama tekjumarkmiði fyrir ríkissjóð.

Loks vill Kauphöllin taka undir tillögur að breytingum á ákvæðum tekjuskattslaga nr. 90/2003 er varða skattlagningu afleiðusamninga. Í frumvarpinu er lögð til breyting sem felur í sér að litið verður á tekjur af afleiðusamningum sem söluhagnað í stað vaxta að undanskildum vaxtaskiptasamningum. Leiðir þetta m.a. til þess að staðgreiðsla af afleiðuviðskiptum fellur brott í þeim tilfellum þar sem tekjur af afleiðusamningum teljast til söluhagnaðar. Tillagan felur einnig í sér þá jákvæðu breytingu að áður en skattskyldur hagnaður af sölu afleiðusamninga er ákveðinn má skattaðili draga frá heildarhagnaðinum það tap sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu annarra afleiðusamninga á sama ári, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2003. Kauphöllin fagnar umræddri breytingu og telur að sterk rök hvíli að baki því að farið sé með tekjur af afleiðusamningum með sama hætti og tekjur af undirliggjandi verðbréfum.

Kauphöllin hefur ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Magnús Kristinn Ásgeirsson,  
lögfræðingur